

Almennir samnings- og ferðaskilmálar fyrir þingið 2023

Gildissvið

Þessir samningskilmálar eiga við um starfsemi og viðburði tengda þingi Norðurlandaráðs æskunnar (UNR) 2023. Pohjola-Nordens Ungdomsförbund rf. (PNU) (Ungmennadeild Norræna félagsins í Finnlandi) er umsýsluaðili Norðurlandaráðs æskunnar og starfar samkvæmt finnskum lögum.

Almennar skyldur samningsaðila

Aðildarsamtök Norðurlandaráðs æskunnar og þingfulltrúarnir ábyrgjast að veita réttar persónuupplýsingar, til dæmis nafn og samskiptaupplýsingar, við skráningu. Skráð nafn þingfulltrúa verður að vera nákvæmlega eins og í vegabréfi. Ef nafn er rangt, misritað eða rangur fæðingardagur er gefinn upp getur Norðurlandaráð æskunnar ekki tryggt að þingfulltrúanum verði hleypt inn í þingsal eða önnur herbergi.

Ef fulltrúi aðildarsamtaka er undir lögaldri þarf forráðamaður hans að skrifa upp á að Norðurlandaráð æskunni beri ekki ábyrgð á fulltrúanum á þinginu og að honum sé heimilt að deila hótélherbergi með ókunnugum lögráða einstaklingi.

Gildistími samnings, uppsögn og framsal

Samningurinn tekur gildi þegar skráning á þingið hefur borist skrifstofu Norðurlandaráðs æskunnar. Samningurinn gildir til 31.12.2023. Samningurinn gildir milli Norðurlandaráðs æskunnar (UNR)/PNU og aðildarsamtakanna vegna þess að aðildarsamtökin tilnefna fulltrúa sinn á þingið.

Skráning er bindandi. Veikist þingfulltrúi eða forfallast þarf skrifstofu Norðurlandaráðs æskunnar að berast skrifleg forfallatilkynning á pósthfangið unr@pnn.fi. Þátttökugjald er aðeins endurgreitt ef þingfulltrúi getur framvísað læknisvottorði eða vottorði frá aðildarsamtökunum um óviðráðanleg forföll. Tilkynning um forföll þarf að berast skrifstofu Norðurlandaráðs æskunnar eigi síðar **en viku fyrir** brottför á opnunartíma hennar sem er kl. 9.00–16.00 (finnskum staðartíma) á virkum dögum. Endurgreiðsla þátttökugjalds fer eftir því hve miklar ráðstafanir hafa verið gerðar vegna þátttöku þingfulltrúans sem ekki er hægt að afbóka. Til slíkra ráðstafana telst flug, gisting og fæði.

Hafi þingfulltrúi eða aðildarsamtök keypt flugmiða fyrir þingfulltrúann sem ekki er hægt að breyta eða afbóka án endurgjalds, greiðir þingfulltrúinn eða aðildarsamtökin kostnað vegna endurbókunar. Norðurlandaráð æskunnar greiðir aðeins ferðir eins þingfulltrúa fyrir hver aðildarsamtök. Norðurlandaráð æskunnar greiðir ekki miða annarra fulltrúa nema fyrir því sé góð og gild ástæða (sjá ofar) né heldur ónotaða farmiða.

Láist aðildarsamtökum að greiða þátttökugjald á gjalddaga er Norðurlandaráði æskunnar heimilt að rifta samningi tafarlaust. Það þýðir að hægt er að meina þingfulltrúa að vera viðstaddur, taka til máls og greiða atkvæði. Skrifstofa Norðurlandaráðs æskunnar innheimtir ógreidd þátttökugjöld þar til þau hafa verið greidd. Heimilt er að meina aðildarsamtökum að taka þátt í komandi þingum ef þátttökugjöld frá fyrri þingum hafa ekki verið greidd. Aðildarsamtök fá skriflega tilkynningu um vangoldnar greiðslur og hvaða afleiðingar þær geta haft.

Vilji aðildarsamtök senda fleiri en einn fulltrúa á þingið greiða þau allan ferðakostnað og þáttökugjald.

Óski þingfulltrúi eftir sérherbergi við skráningu er aukagjald reikningsfært um leið og þáttökugjaldið.

Skráning

Aðildarsamtök þurfa að skrá fulltrúa sína fyrir tiltekinn tíma og er þáttökugjald greitt við skráningu. Ef ágreiningur rís vegna samningsins leitast Norðurlandaráð æskunnar við að semja um lausn hans.

Almennir ferðaskilmálar

Sömu ferðaskilmálar gilda hjá Norðurlandaráði æskunnar og Ungmennadeild Norræna félagsins í Finnlandi.

Þetta er í samræmi við starfsreglur Norðurlandaráðs æskunnar.

§ 5.2 Þáttökugjald og endurgreiðsla ferðakostnaðar

Forsætisnefnd ákveður þáttökugjald á þinginu sem er það sama fyrir alla þingfulltrúa. Þátttakendur sjá sjálfir um að panta ferðir og greiða fyrir þær. Þegar sýnt er fram á ferðakostnað opinbers fulltrúa aðildarsamtaka er hann endurgreiddur samkvæmt ferðaskilmálum og upphæðarmörkum Norðurlandaráðs æskunnar. Ferðakostnaður er aðeins endurgreiddur fyrir einn fulltrúa frá hverjum aðildarsamtökum. Ferðakostnaður er greiddur að þingi loknu en ekki áður en þing hefst. Sýna þarf fram á öll útgjöld. Uppfærðir og fullkomnir ferðaskilmálar og upphæðarmörk eru send út um leið og boðsbréfin. Ef þáttökugjald er ekki greitt á tilsettum tíma fellur málfrelsi, atkvæðis- og tillöguréttur á þinginu niður.

Þátttakendur sjá sjálfir um að bóka og greiða fyrir ferðir á þing Norðurlandaráðs æskunnar. Ferðakostnaður endurgreiðist fyrir einn þingfulltrúa frá hverjum aðildarsamtökum að þingi loknu. Þingfulltrúar þurfa að geta sýnt fram á allan kostnað, það er bókunarupplýsingar, kvittanir og brottfararspald til að geta fengið endurgreitt. Þingfulltrúar eru hvattir til að ganga tímanlega frá ferð sinni til að tryggja að þeir komist á þingstað í tæka tíð og á hóflegu verði.

Ferðakostnaður sem opinber fulltrúi aðildarsamtaka getur sýnt fram á endurgreiðist samkvæmt ferðaskilmálum Norðurlandaráðs æskunnar og upphæðarmörkum hér að neðan.

Brottfararland	Samgöngutæki	Upphæðarmörk
Danmörk	Staðbundnar samgöngur, flug, rútur, lestir og ferjur	220 €
Finnland	Staðbundnar samgöngur, flug, rútur, lestir og ferjur	270 €
Færeyjar	Staðbundnar samgöngur, flug, rútur, lestir og ferjur	350 €
Grænland	Staðbundnar samgöngur, flug, rútur, lestir og ferjur	1.500 €
Ísland	Staðbundnar samgöngur, flug, rútur, lestir og ferjur	300 €
Noregur	Staðbundnar samgöngur, flug, rútur, lestir og ferjur	250 €
Svíþjóð	Staðbundnar samgöngur, flug, rútur, lestir og ferjur	200 €
Álandseyjar	Staðbundnar samgöngur, flug, rútur, lestir og ferjur	300 €

Kílómetragreiðslur fyrir ferðir í eigin bíl til og frá þingi eru veittar samkvæmt skriflegu samkomulagi og miðast við 50% af aksturgreiðslum innanlands í Finnlandi. Aðeins er hægt að velja önnur farartæki eins og þyrlur og leigubíla ef samið er um það skriflega við skrifstofu Norðurlandaráðs æskunnar.

Norðurlandaráð æskunnar endurgreiðir ekki breytanlega flugmiða eða aukakostnað vegna endurbókunar eða afbókunar á flugi.

Vegabréf eða önnur skilríki

Þingfulltrúar ábyrgjast sjálfir að vegabréf þeirra séu í gildi eða önnur skilríki sem gera þeim kleift að ferðast milli Norðurlanda.

Norðurlandaráð æskunnar ber ekki ábyrgð á tjóni eða endurbókunum sem rekja má til þess að þingfulltrúi hafi ekki haft fullnægjandi ferðaskilríki til að komast leiðar sinnar.

Tryggingar

Þátttakendur ábyrgjast sjálfir að vera með ferðatryggingu. Norðurlandaráð æskunnar tryggir ekki þingfulltrúa.

Innritun

Við hvetjum fólk til að mæta tímanlega á flugvöllinn fyrir brottför og fylgja ráðleggingum flugfélaganna um innritun. Biðraðir í öryggis- og vegabréfaeftirliti geta verið langar. Norðurlandaráði æskunnar er ekki skylt að bóka nýja ferð ef þingfulltrúi missir af flugi. Athugið alltaf fyrirfram hvort innritaður farangur er innifalinn í flugmiðanum. Ef innritaðan farangur er innifalinn, athugið þá alltaf fyrir brottför hver leyfileg farangursþyngd er. Norðurlandaráð æskunnar endurgreiðir ekki kostnað farþega vegna yfirvigtar eða aukafarangurs.

Rafrænn flugmiði og brottfararspjöld

Þegar þið hafið lokið við að bóka ferð fáði þið tölvuskeyti með ferðastaðfestingu og ferðaáætlun. Gangið úr skugga um að þið séuð með þessar upplýsingar á ykkur áður en þið farið út á flugvöll. Til þess að fá ferðina endurgreidda þurfið þið að sýna kvittun fyrir farmiða með dagsetningu sem sýnir hvenær miðinn var keyptur og heildarupphæðina. Auk þess þurfa brottfararspjöld að fylgja umsóknareyðublaðinu um endurgreiðslu.

Meginreglur um meðferð persónuupplýsinga

Norðurlandaráð æskunnar (UNR) sér um skráninguna. Umsýsluaðili Norðurlandaráðs æskunnar er Pohjola-Nordens Ungdomsförbund rf. (PNU), FO-nummer 0276102-2, Topeliusgatan 20. PNU er því sá lögaðili sem ber lagalega ábyrgð á meðferð upplýsinga og verklagsreglum Norðurlandaráðs æskunnar. Meginreglur þessar eru sóttar í sambærilegt skjal PNU, að undanskildum verklagsreglum sem eiga sérstaklega við um starfsemi Norðurlandaráðs æskunnar. Meginreglur Norðurlandaráðs æskunnar um meðferð persónuupplýsinga er að finna í heild sinni á vefsíðunni (<https://unginorden.org/om-os/dataskydd-gdpr>).

Samþykktar meginreglur PNU um jafnrétti og jafnræði gilda á þingi Norðurlandaráðs æskunnar, sem þýðir meðal annars að tveir fulltrúar jafnréttis- og mismununarmála eru á þinginu.

Vegna framkvæmdar þingsins er einungis safnað persónuupplýsingum sem þarf til að undirbúa og halda þingið og fyrir samskipti við Norðurlandaráð og sendinefndir landanna. Norðurlandaráð æskunnar meðhöndlar því einnig upplýsingar sem flokkast undir persónuupplýsingar, það er viðkvæmar upplýsingar. Það geta til dæmis verið upplýsingar um ofnæmi eða upplýsingar um flokkstengsl. Meðferð PNU og Norðurlandaráðs æskunnar á persónuupplýsingum fer fram gegnum stafræn upplýsingakerfi og stafræna þjónustu sem trúnaðarmál og í læstum kerfum.